

## AUGLÝSING

### um breytingu á lágmarksupphæð stofnfjár sjóðs eða stofnunar sem starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Samkvæmt 2. gr. laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988 skal stofnfé sjóðs eða stofnunar árið 2004 vera 598.000 kr. hið minnsta. Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 2. janúar 2004.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

*Bryndís Helgadóttir.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í landi Skarðshamra, Borgarbyggð.

Bæjarstjórn hefur samþykkt ofangreint skipulag. Deiliskipulagið hefur fengið meðhöndlun samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af skipulagsstofnun samkvæmt ofangreindum lögum. Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

*Borgarnesi, 2. janúar 2004.*

Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar,

**Sigurður Páll Harðarson.**

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag frístundabyggðar við Höfðabraut og Tóftabraut í landi Vaðness, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samþykkt deiliskipulag við Höfðabraut og Tóftabraut í landi Vaðness, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Deiliskipulagið nær til 12,7 ha svæðis. Gert er ráð fyrir 16 frístundalóðum. Stærðir lóða eru 6500-8400 m<sup>2</sup>.

Deiliskipulag þetta sem auglýst er með vísan til 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*Grímsnes- og Grafningshreppi, 2. janúar 2004.*

**Margrét Sigurðardóttir** sveitarstjóri.